

# Tilkynningarskylda íslenskra skipa

## Þjónustusamningur

### **Inngangur**

Samgönguráðuneytið, kt. 550269 – 1639, Hafnarhúsi, 150 Reykjavík, f.h. ríkisins í samningi þessum nefnt verkkaupi og Slysavarnafélagið Landsbjörg, kt. 560499 – 2139, Stangarhyl 1, 110 Reykjavík í samningi þessum nefnt verksali, gera með sér á grundvelli 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, svohljóðandi þjónustusamning um rekstur tilkynningarskyldu íslenskra skipa, sbr. lög nr. 40, 13. maí 1977.

### **1. Gildissvið**

- Samningur þessi er um framkvæmd tilkynningarskyldu íslenskra skipa svo sem henni er lýst í lögum nr. 40/1977 með síðari breytingum sem og rekstur eftirlitsmiðstöðvar í Reykjavík.
- Yfirstjórn tilkynningarskyldunnar er hjá verksala, sem 2. október 1999 tók við skuldbindingum, sem lög nr. 40/1977 leggja á herðar Slysavarnafélags Íslands.
- Ofangreindum hlutverkum gegnir verksali í umboði og á ábyrgð verkkaupa.
- Verkkaupi greiðir allan kostnað við eftirlitsmiðstöðina, þar með talinn fjarskiptakostnað, eftir þeim reglum og með þeim takmörkunum sem felast í samningi þessum.
- Tilgangur samningsins er að tryggja rekstur tilkynningarskyldunnar svo auka megi öryggi íslenska skipaflotans og þeirra sem sjómennsku stunda með sem bestri nýtingu fjármuna.

### **2. Tilgangur tilkynningarskyldunnar og skipulag**

- Tilgangur tilkynningarskyldunnar er að taka við tilkynningum um ferðir íslenskra skipa eins og lýst er í lögum nr. 40, 13. maí 1977 og reglugerð um sama efni nr. 220, 22. febrúar 2001.
- Af þessum heimildum leiðir að eftirlitsmiðstöðin taki á móti og safni saman tilkynningum sem berast frá skipum og hafi þannig yfirsýn yfir staðsetningu allra íslenskra skipa og að enga tilkynningu vanti. Telji miðstöðin ástæðu til eftirgrenslunar, leitar eða björgunar gerir hún nauðsynlegar ráðstafanir í samráði við alla þá sem aðstoð geta veitt.
- Nánari lýsing á starfseminni er á [fylgiskjali I](#) með samningi þessum.
- Um skipulag og starfshætti fer að öðru leyti eftir ákvörðun verksala.

### **3. Þjónusta**

- Tilkynningarskyldan skiptist í handvirkt og sjálfvirkt tilkynningar-kerfi, sem rekin eru samhliða til ársloka 2001, en þá verður hið handvirka lagt niður. Í hinu sjálfvirka tilkynningarkerfi annast

Landssími Íslands hf. móttöku boða frá skipum og miðlun þeirra til eftirlitsmiðstöðvarinnar.

- Verksali skal tryggja að fyrir liggja verklagsreglur um starfsemi eftirlitsmiðstöðvarinnar sem skilgreinir nánar þá þjónustu sem lýst er í fylgiskjali I.

#### **4. Lágmarkskröfur og gæði þjónustunnar**

- Hlustun skal vera tryggð allan sólarhringinn allt árið um kring og skal verksali sjá til þess að nægilegur starfsmannafjöldi sé til staðar til að sinna þessu verkefni.
- Afgreiðsla skal opin á dagvinnutíma frá kl. 08:00 til 17:00. Símaafgreiðsla skal þó opin allan sólarhringinn.
- Verksali skipuleggur að öðru leyti starfsemi eftirlitsmiðstöðvarinnar.
- Fjarskiptaskrá sem sýnir öll samskipti við skip og báta skal geymd í allt að viku tíma en þá skal gögnum eytt. Lendi skip eða bátur í háska skal fjarskiptaskrá viðkomandi haldið til haga í þágu rannsóknar á slysinu.
- Verksali ber ábyrgð á viðhaldi og rekstri þess búnaðar sem heldur utan um þjónustuna.
- Verksali sér til þess að einungis hæft starfsfólk með nauðsynlega menntun og þjálfun sinni þjónustunni.
- Í eftirlitskerfi verksala skal halda skrá yfir kvartanir og ábendingar, sem allar skulu fá formlega afgreiðslu.

#### **5. Fjármögnun**

- Vegna samningsins greiðir verkkaupi samtals 21,8 mkr. árið 2001 og 21,8 mkr. árið 2002, sjá þó endurskoðunarákvæði í lið 13. Greiðslan miðast við að verksali beri einn faglega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði t.d. launum í barnsburðarleyfi, launum staðgengla vegna veikinda, námsleyfa og námskostnaðar.
- Upphæðir samkvæmt 5.1 eru miðaðar við þær forsendur umfangs og verðlags, sem giltu við gerð fjárlaga 2001.
- Fyrir þjónustu í handvirka tilkynningarkerfinu og tilkynningar um gervihnattasamband greiða eigendur skipanna fyrir fjarskiptin samkvæmt gjaldskrá þess sem þjónustuna veitir, en fyrir þjónustu í sjálfvirka kerfinu skal eigandi hvers skips greiða umsamið árgjald, sem rennur til verksala til að mæta kostnaði hans.

#### **6. Greiðslutilhögun**

- Greiðsla ríkisins skal lögð á bankareikning verksala nr. 1175-26-995 og skal innt af höndum í jöfnum mánaðarlegum upphæðum hinn 15. dag hvers mánaðar.
- Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi fyrir lok mánaðar getur verksali krafist hæstu lögleyfðu dráttarvaxta, enda megi greiðsludráttinn telja til atvika sem rekja má til verkkaupa.

## 7. Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir

- Verksala er aðeins heimilt að fengnu skriflegu leyfi verkkaupa að ráðast í eða taka þátt í óvenjulegum ráðstöfunum, sem kynnu að leiða af sér þá hættu að eigi verði staðið við samning þennan.
- Um reikingshald og endurskoðun ársreiknings gilda lög um ársreikninga nr. 144/1994 og um bókhald nr. 145/1994.
- Halda skal reikningshaldi vegna starfsemi og þjónustu samkvæmt samningi þessum aðgreindu í bókhaldi frá öðrum rekstri verksala.

## 8. Eftirlit með framkvæmd samningsins

- Verksali mun sjálfur annast daglegt eftirlit og faglegt eftirlit með þjónustunni sem samningurinn nær til. Siglingastofnun Íslands mun fyrir hönd verkkaupa annast almennt eftirlit með þjónustu þeirri sem samningur þessi fjallar um. Eftirlitið felst í því að gera kannanir á starfsemi tilkynningaskyldunnar auk þjónustukannana hjá útgerð, sjómönnum og öðrum þeim sem rekstur hennar varðar.
- Þá mun Siglingastofnun annast önnur samskipti f. h. verkkaupa, sem samningurinn gerir ráð fyrir.
- Ríkisendurskoðun er heimilt að gera fjárhagsendurskoðun á allri þeirri starfsemi verksala sem umsamin er í samningi þessum. Í því sambandi er verksala skylt að afhenda Ríkisendurskoðun alla reikninga sína, öll bókhaldsgögn og önnur gögn sem nauðsynleg eru við endurskoðunina, sbr. lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.
- Ríkisendurskoðun getur einnig framkvæmt stjórnarsýsluendurskoðun á framkvæmd þjónustunnar hjá verksala sbr. lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

## 9. Upplýsingaskylda

- Verksali skuldbindur sig til að upplýsa verkkaupa tafarlaust megi honum vera ljóst að hann geti ekki staðið við fjárhagslega eða faglega skilmála samnings þessa.
- Verksali skal ótilkvaddur senda verkkaupa, Ríkisbókhaldi, Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneytinu fyrir lok mars ár hvert endurskoðaðan ársreikning ársins á undan, ásamt ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfseminni.
- Innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs, ár hvert, skal skilað inn ársreikningi í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga nr. 144/1994 og um bókhald nr. 145/1994 sem inniheldur eftirfarandi
  1. Rekstrarreikning
  2. Efnahagsreikning
  3. Reikningsskilaaðferðir og almennar skýringar
  4. Sundurliðanir og skýringarEinnig skal verksali leggja fyrir Siglingastofnun Íslands árlega skýrslu um starfsemi Tilkynningaskyldunnar.

## 10. Þagnarskylda

- Verksali og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara lögum samkvæmt.
- Ráði verksali undirverktaka til starfa skuldbindur verksali sig til að láta undirverktaka og starfsmenn hans undirrita heit um þagnarskyldu.

## 11. Vanefndir og vanefndaúrræði

- Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar getur verkkaupi rift samningnum. Samningi þessum verður eigi rift nema vanefnd sé veruleg, enda hafi verkkaupi áður gert verksala viðvart skriflega vegna vanefndarinnar og sett honum hæfilegan frest til úrbóta.
- Hafi verksali ekki bætt úr annmörkum samnings þessa, skv. kröfugerð, innan hæfilegs tímafrests hefur verkkaupi heimild til að fresta greiðslu ríkisins þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein. Auk þessa getur verkkaupi krafist verksala um bætur vegna hugsanlegs tjóns sem kann að hljótast vegna vanefnda verksala.

## 12. Meðferð ágreiningsmála

- Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum skal honum vísað til þriggja manna sáttanefndar. Tilnefnir verksali einn, verkkaupi annan og oddamaður, sem jafnframt er formaður skal tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands. Skal sáttanefndin skera úr um ágreininginn eins fljótt og kostur er.
- Kostnaður við störf sáttanefndar skiptist jafnt milli verkkaupa og verksala.
- Mál sem rísa kunna vegna samnings þessa skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 13. Endurskoðunarákvæði

- Samningsaðilar munu endurskoða samninginn í sameiningu fyrir lok ágúst ár hvert með hliðsjón af reynslu af framkvæmd hans, m.a. í þeim tilgangi að tilgreina nákvæmari greiðslu fyrir umsamda þjónustu fyrir eftirfarandi ár.
- Telji samningsaðili að forsendur samningsins hafi breyst getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum samningsins.

## 14. Samningstími

- Samningur þessi er til tveggja ára frá gildistöku hans 1. janúar 2001
- Samningsaðilar ákveða sameiginlega fyrir 1. janúar 2002 hvort stefna skuli að endurnýjun samningsins

## 15. Tengdir samningar

- Samkomulag um framkvæmd sjálfvirkrar tilkynningarskyldu (STK) frá 5. mars 1998.
- Nátengdur samningi þessum er þjónustusamningur Póst- og fjarskiptastofnunar og Landssíma Íslands hf. um rekstur strandastöðvarþjónustu, þ.m.t. sjálfvirku tilkynningarskyldunnar, frá 4. júlí 2000 og er aðilum ljóst að breytingar á efni hans og/eða gildistíma geta haft áhrif á innihald og framkvæmd þessa samnings.

## 16. Frumrit samnings

- Af samningi þessum skulu gerð fjögur samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins.
- Eitt eintak skal vera í vörslu verkkaupa, annað í vörslu verksala, hið þriðja í vörslu fjármálaráðuneytisins, en það fjórða skal vera í vörslu Siglingastofnunar Íslands.

## 17. Fylgiskjöl

- Lýsing á skipulagi og starfsemi Tilkynningarmiðstöðvarinnar í Reykjavík.

Akureyri, 25. maí 2001

F. h. samgönguráðuneytisins

F. h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Staðfest f. h. fjármálaráðuneytisins

F. h. Siglingastofnunar Íslands